

Oliudreifing ehf
Hólmaslóð 8 - 10
101 Reykjavík

Akureyri, 9. október 2020
UST202003-196/G.S.Á.
08.06.02


Efni: Eftirlit 2020 - Oliudreifing - Reyðarfjörður - Reglubundið eftirlit þann 10.9.2020

Þann 10. september sl. fór fram eftirlit í olíubirgðastöð Oliudreifingar á Reyðarfirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin frávik komu fram við eftirlit en tvær ábendingar voru settar fram er varðar skráningu á mánaðarblöð og tóma efnabamba í lekavarnarþró.

Virðingarfyllst,

G. Stella Árnadóttir
Guðbjörg Stella Árnadóttir
Sérfræðingur


Gottskálf Friðgeirsson

Afrit:
Heilbrigðisnefnd Austurlands

EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing Reyðarfirði



| | | | |
|---------------------|--------------------|-------------------------|----------------------------|
| Dags eftirlits | 10.9.2020 | Ábyrgðarmaður eftirlits | Guðbjörg Stella Árnadóttir |
| Fyrirtæki | Olíudreifing | Eftirlitsmaður | Guðbjörg Stella Árnadóttir |
| Heimili | Hólmaslóð 8 - 10 | Tegund eftirlits | Reglubundið |
| Kennitala | 6606952069 | Flokkur | Olía |
| Fulltrúi fyrirtækis | Gestur Guðjónsson | ÍSAT nr. | 63.40 |
| Fulltrúi fyrirtækis | Gunnar Valgeirsson | Staðsetning | 725312,177 512055,178 |

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlit en tvær ábendingar voru settar fram er varðar skráningu á mánaðarblöð og tóma efnabamba í lekavarnarþró.

UMFANG EFTIRLITS

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða.
- Staða frávik frá síðasta eftirliti
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Rekstrarhandbók
- Áætlanir og viðbrögð
- Skráning olíugeyma skv. reglugerð nr. 884/2017.

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á mælingar og skil skv. 4. kafla.

Farið var yfir skráningar á mánaðarblöð á fjarfundi með rekstraraðila þann 13. ágúst sl., gerð var ábending um að skrá skuli þykkt olíu í skilju á mánaðarblöð. Rekstrarhandbók var skoðuð í eftirliti en hún er einnig aðgengileg í rafrænum grunni rekstraraðila fyrir allar stöðvarnar. Áhættumat vegna tíðni eftirlits frá síðasta eftirliti var uppfært miðað við núverandi stöðu.

Tíu geymar eru í stöðinni í þrem olíupróm, ein þróin er sameiginleg með bikgeymi Vegagerðarinnar. Olíuskiljan er þjónustuð reglulega og var síðast tæmd í apríl sl. Gera þarf mælingu á olíu í fráveituvatni skv. gr. 4.2 í starfsleyfi nú í ár. Sjálfvirkir rafmagnslokar eru á skiljum úr þróm. Geymarnir hafa allir verið þykktarmældir á síðustu 10 árum og voru geymar merktir 730.01.00, 730.02.00, 730.04.00 og 730.11.00 þykktarmældir nú í ár. Þrjár lagnir eru í stöðinni og voru þær allar þrýstiprófaðar nú í ár. Tvær þeirra hafa verið samþykktar til áframhaldandi notkunar en verið er að vinna að lagfæringu á þriðju lögninni og verður hún þrýstiprófuð aftur að þeirri vinnu lokinni.

Olíu er landað inn í stöðina að meðaltali einu sinni í mánuði.

Bensín er geymt í stöðinni. Geymar eru með föstu þaki og þar sem gegnumstreymi bensíns í stöðinni er minna en 5.000 tonn á ári eru þeir undanþegnir ákvæðum um gufuendurnýtingarbúnað skv. 3. gr. reglugerðar nr. 252/1999, um varnir við losun rokkgjarnra lífrænna efnasambanda (VOC).

Olíublautum tuskum og öðrum úrgangi er skilað inn til Gámafélagsins en úrgangsolíu er safnað á flutningsgeymi sem síðan er flutt í Örfirisey. Úrgangsolíugeymirinn stendur á steinsteyptu plani og er niðurfall á planinu tengt olíuskilju.

Engin mengunaróhöpp hafa orðið í stöðinni og engar kvartanir hafa borist til rekstraraðila né eftirlitsaðila frá síðasta eftirliti. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eru í rekstrarhandbók og aðgengilegar í rafrænum gagnagrunni. Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir.

Gengið var um stöðina, þrær og geymar voru skoðaðir. Girðing er um stöðina og er hún heil og í lagi, hlið

stendur læst þegar stöðin er ómönnuð. Stöðin var snyrtilega á að líta en nokkuð var af tónum efnabömbum í lekavarnarþró sem sameiginleg er með Vegagerðinni og ber að fjarlægja þá. Umsjónarmaður er til staðar sem fylgist með daglega.

ÁBENDINGAR

Ábending var sett fram við eftirlit er varðar að skrá skal þykkt olíu í skilju á mánaðarblöð.

Einnig er sett fram ábending um að fjarlægja skuli efnabamba innan þróar en skv. gr. 4.8 í starfsleyfi skal tryggja að á lóðinni séu ekki hlutir eða efni sem ekki tilheyra starfsemi eða minnkað geta rúmmál þróar.

ANNAD


Olíudreifing ehf. hefur vottað umhverfisstjórnunarkerfi, nær vottunin til allra starfstöðva félagsins og gildir til 14. janúar 2023.

Fulltrúi Heilbrigðiseftirlits Austurlands var viðstaddur eftirlitið.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 09.10.2020



Guðbjörg Stella Arnadóttir